

Reykjavík, 12. mars 2026

**UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI,
F.H. UNGMENNARÁÐS FÉLAGSINS,**

vegna áforma mennta- og barnamálaráðuneytis um mótun ungmennastefnu

Mál nr. S-40/2026

Rauði krossinn á Íslandi þakkar tækifærið til umsagnar um ofangreind áform á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis.

Félagið stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur m.a. að málefnum jaðarsettra hópa sem og flóttafólks í samvinnu við stjórnvöld sem og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR). Rauði krossinn hefur hér til hliðsjónar grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi, stefnu félagsins til 2030 sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í ungmennamálum *Youth Engagement Strategy 2.0*.

Hér á eftir eru raktar í stuttu máli hugmyndir varðandi hópa og einstaklinga sem félagið telur rétt að skoða hvað varðar mótun ungmennastefnu.

Réttindi og virk þátttaka ungmenna í samfélaginu

1. Í frumvarpinu er réttilega lögð áhersla á að tryggja að raddir minnihlutahópa og ungmenna í jaðarsettri stöðu fái að heyrast og þau fái jafnan aðgang að tækifærum, upplýsingum og áhrifaleiðum. Mikilvægt er að skýrt sé hvernig tryggja skuli ungmennum í jaðarsettri stöðu slíka þátttöku.

Í samræmi við áherslur Alþjóðahreyfingarinnar í *Youth Engagement Strategy 2.0* er mikilvægt að þáttökuleiðir séu hannaðar með virkum hætti til að ná til fjölbreyttra hópa ungmenna. Það felur meðal annars í sér að:

- stjórnvöld vinni markvisst með skólum, frístundastarfi og félagasamtökum sem starfa með ungmennum í jaðarsettri stöðu,
- upplýsingar um þáttökuleiðir séu aðgengilegar og miðlað á fjölbreyttan hátt, með tilliti til tungumáls, aðstæðna og aðgengis,
- þáttökuaðferðir séu sveigjanlegar þannig að tímasetningar, staðsetning eða kostnaður verði ekki hindrun fyrir þátttöku, og
- ungmennum sé veittur viðeigandi stuðningur, svo sem leiðsögn eða þjálfun, til að gera þeim kleift að taka virkan þátt í samráði og ákvarðanatöku.

Með því að kveða skýrar á um slíkar aðgerðir má stuðla að því að þátttaka ungmenna verði raunverulega inngildandi og endurspegli fjölbreytileika reynslu og sjónarmiða ungs fólks í samfélaginu.

Menntakerfið

2. Mikilvægt er auka möguleika ungmenna af erlendum uppruna á framhaldsskólaaldri til að fá námspláss innan framhaldsskólakerfisins þó þau séu komin yfir 18 ára aldur. Rof á skólagöngu barna og ungmenna með flóttamannabakgrunn er ekki óalgengt. Það er óásættanlegt að öll ungmenni sem hér búa eigi ekki skilyrðislausu möguleika á að halda áfram námi sínu og auka þannig tækifæri sín til betra lífs.

Íþróttir, tómstunda - og félagsstarf, menning og listir / Heilbrigðiskerfi, heilsa, vellíðan, velferð og öryggi

3. Lagt er til að skyndihjálpi verði gerð að hluta af skólastarfi á grunn- og framhaldsskólastigi, eða að námskeiðin verði gerð endurgjaldslaus fyrir öll ungmenni. Markmiðið er að efla sjálfstraust, öryggi og getu ungs fólks til að bregðast við neyðaraðstæðum og auka viðnámsþrótt.

Til að tryggja faglegt gæðastarf er lagt til náð samstarf á milli stjórnvalda (mennta- og barnamálaráðuneytisins) og Rauða krossins á Íslandi. Með slíku samstarfi má nýta þekkingu sérfræðinga til að tryggja að kennslan sé markviss og uppfærð reglulega í samræmi við alþjóðlega staðla.

Sérstök áhersla skal lögð á sálrænan stuðning. Í ljósi þess að kvíði og þunglyndi fer vaxandi meðal ungmenna er nauðsynlegt að þau búi yfir tækjum til að styðja við sig sjálf og félaga sína með jafningjastuðningi.

- Aðlögun námsefnis: Til eru viðurkennd námskeið í sálrænum stuðningi sem auðvelt er að aðlagða að þörfum yngri aldurshópa.
- Fyrirbyggjandi nálgun: Það er hagkvæmara fyrir samfélagið að fjárfesta í forvörnum en að bregðast við krísum síðar meir. Ungmenni sem þjálfuð eru í sálrænum stuðningi geta gripið inn í snemma og dregið úr alvarleika einkenna.

Að gera ungmenni fær um að veita bæði líkamlega og sálræna skyndihjálpi er fjárfesting í mannauði og samfélagslegri seiglu. Þetta er liður í því að ala upp ábyrga og meðvitaða samfélagsþegna sem kunna að sýna samkennd í verki.

4. Eins er mikilvægt er að bregðast snemma við þegar börn hætta þátttöku í skóla eða frístundastarfi án skýringa. Mikilvægt er að sveitarfélög og stofnanir sem vinna með börnum tali saman og finni viðeigandi úrræði.

Tryggja skal að úrræði séu til staðar fyrir börn sem hætta þátttöku vegna fjárhagsaðstæðna eða annarra félagslegra aðstæðna, með það að markmiði að koma í veg fyrir félagslega einangrun og einmanaleika barna.

Sérstaklega þarf að huga að stöðu barna af erlendum uppruna, sem geta verið í viðkvæmri stöðu hvað varðar aðgengi að skóla- og frístundastarfi. Mikilvægt er að efla þekkingu þeirra sem starfa með börnum á aðstæðum þessara hópa og á mögulegum leiðum til að ná til þeirra og foreldra þeirra.

Börn sem bíða niðurstöðu um alþjóðlega vernd eða fengið synjun um dvalarleyfi geta lent í stöðu þar sem þau hafa ekki aðgang að skóla eða öðrum skipulögðum úrræðum á meðan þau bíða brottvísunar. Mikilvægt er að stjórnvöld tryggi að til staðar sé skýrt fyrirkomulag og viðeigandi stuðningur fyrir þessi börn á meðan þau dvelja í landinu, þannig að þau séu betur í stakk búin þegar þessum biðtíma lýkur, hvort sem þau fá að búa hér áfram eða fara annað.

Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins, þ.m.t. ungmennaráðs, eru tilbúnir til samráðs við mótun stefnunnar.